

Stefndi hefur hvorki mætt né mæta látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður málið því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við 118. grein einkamálalaganna.

Rétturinn lítur svo á, að bifreiðarstjórinn á V 35, Þórarinn Eyvindsson, hafi ekki sýnt þá varkárni, sem honum bar, með því að fara eins skyndilega af stað og hann gerði og án þess að láta farþegana á vörupallinum vita. Hins vegar lítur rétturinn svo á, að Sigurður Marinósson hafi sýnt af sér óvarkárni með því að gæta sín ekki betur á vörupallinum en hann gerði, og eigi hann því sjálfur nokkra sök á slysi því, er hann varð fyrir.

Með tilvísun til þessa svo og annars, sem fram er komið í málinu, þýkir rétt að telja ökumann V 35 eiga sök á tjóninu að $\frac{1}{2}$ hluta, en Sigurð að $\frac{1}{2}$ hlutum.

Rétt þýkir að lækka kröfu stefnanda um bætur fyrir þjáningar og óþægindi niður í kr. 2.500.00, en aðrar kröfur hans verði teknar til greina að fullu. Verður stefnukrafa því lækkuð um kr. 2.500.00 eða niður í kr. 5.972.70.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að bæta stefnanda $\frac{1}{2}$ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 1.990.91 (sbr. 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna).

Þá þýkir rétt, að stefndi greiði málskostnað, er þýkir hæfilega ákveðinn kr. 450.00. Dómsuppkvaðning hefur dregið nokkuð vegna embættisanna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Ársæll Sveinsson, greiði stefnanda, Marinó Jónssyni f. h. Sigurðar Marinóssonar, kr. 1.990.91 með 6% ársvöxtum frá 22. janúar 1948 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. maí 1952.

Nr. 139/1951. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)
 gegn
Einari Einarssyni (Ragnar Jónsson).

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Alfred Gíslason bæjarfógeti kvað upp héraðsdóminn.

Barnið, sem varð undir bifreið ákærða, var að leik í húsa-sundi því, er ákærði ók inn í. Eins og lýst er í héraðsdómi, gat

ákærði, áður en hann ók inn í sundið eða á leið sinni inn í það, hvorki séð barnið né akbrautina umhverfis það úr sæti sínu í bifreiðinni. Þá mátti ákærði gera ráð fyrir því, þar sem íbúðarhús voru beggja megin sundsins, að börn kynnu að vera þar að leik. Þar sem svo stóð á, hefði ákærði, áður en hann ók inn í sundið, átt að ganga úr skugga um, að akstur hans væri hættulaus, og fara í því skyni út úr bifreiðinni, ef þess var þörf. Þetta gerði ákærði ekki, og verður slysið að nokkru rakið til þeirrar vangæzlu hans, sem varðar við 1. mgr. 27. gr. sbr. 58. gr. laga nr. 23/1941, 2. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 215. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, kr. 500.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Einarsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 1200.00, og málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Keflavíkur 17. nóvember 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn ákærða, Einari Einarssyni bifreiðarstjóra, Baldursgötu 4 hér í bæ, með stefnu, útgefinni 14. okt. s.l., til refsingar, sviptingar bifreiðar-

stjóraréttindum og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögunum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögunum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. september 1913 í Grindavík, og hefur ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu fyrir lagabrot.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Miðvikudaginn 23. ágúst s.l. um kl. 16.30 ók ákærði vörubifreið sinni Ö 41 heim til sín að Baldursgötu 4. Ók hann sem leið liggur niður Heiðarveginn. Er hann kom að gatnamótum Heiðarvegar og Baldursgötu, sá hann nokkur börn á Baldursgötunni og nam staðar til þess að gefa börnunum færi á að komast yfir götuna. Milli hornhússins Baldursgötu 2 og húss ákærða, Baldursgötu 4, er sund, 15—18 metra langt og 5—6 metra breitt, en fyrir enda þessa sunds eru bílskúrar ákærða og Sigurðar Guðmundssonar, er býr í Baldursgötu 2. Í sund þetta var ákærði vanur að leggja bíl sínum í matar- og kaffitímum. Svo gerði hann og í þetta sinn. Fyrir framan Baldursgötu 2 er steinsteyptur veggur, um 1 metri á hæð, en úr horni hans er vírnetsgirðing í bílskúr Sigurðar Guðmundssonar. Við enda steinveggisins er rafmagnsstaur götumegin veggjarins. Er börnin voru komin úr vegi bílsins, ók ákærði af stað, en nam staðar aftur, eftir að hafa ekið ca 1½ billengd, vegna þess að hann sá smábörn koma út úr sundinu, þar sem hann ætlaði að leggja bílnum. Nam hann staðar, áður en hann tók beygjuna inn í sundið. Er hann áleit, að börnin væru komin í burtu, ók hann af stað í 2. gangstilli og sveigði inn sundið, þó eftir að hafa litið þangað inn til að aðgæta, hvort nokkur börn væru þar fyrir. Sá hann engin börn og hélt því áfram ferð sinni. Um leið og hann nam staðar í sundinu, leit hann aftur til að aðgæta, hvort börnin, sem áður voru í sundinu, væru í burtu. Ákærði kveðst ekki hafa orðið var við neitt óvenjulegt á leið sinni inn sundið, en er hann hafði stöðvað bilinn og var kominn út úr honum, heyrði hann kallað á sig og hrópað, að hann hefði ekið yfir dreng. Var það Bjarnheiður Hannesdóttir, Baldursgötu 2, móðir barnsins Hannesar Arnar, 1½ árs, er fyrir bílnum varð. Ákærði kveðst hafa farið þegar aftur fyrir bilinn, og sá hann barnið liggja 2—3 fet fyrir aftan hægri afturhjól. Barnið lá á grúfu, og sá ákærði, að það var mikið slasað og blæddi úr nösnum þess. Var strax farið með barnið til læknis, sem þá strax flutti það á Landsspítalann í Reykjavík, þar sem það dó kl. 19.40.

Við líkskoðun kom í ljós mikið brot á höfuðbeinum, sköddun á heilayfirborði og blæðing yfir hægri heilahelmning. Auk þess var lærbeinsbrot og brot í lifbeinsboganum hægri megin. Telur Þórarinn Sveinsson læknir, er krufði líkið, að höfuðáverkin einn hafi nægt til að valda dauða barnsins.

Engin vitni hafa fundizt, sem beinlínis sáu, er slysið varð, og ákærði kveðst ekki hafa séð barnið í sundinu, áður en hann staðnæmdist þar.

Vitnið Vigdís Pálsdóttir segist hafa séð, er ákærði ók bíl sínum heim til sín. Hún telur hann hafa ekið mjög hægt og stöðvað bilinn til að

hleypta börnunum yfir götuna. Hún sá heimanað frá sér, er ákærði ók inn í sundið og staðnæmdist, en ekki sá hún, er slysið vildi til, því að áður-nefndur steinveggur skyggði á. Hún sá, að ákærði „bakkaði“ bílnum eftir augnablik út úr sundinu og í burtu, en um svipað leyti kallaði móðir barnsins til hennar og sagði henni, að ákærði hefði ekið á Hannes hlú. Vitnið ber ákærða vel söguna og segist hafa veitt því athygli, hve gætilega hann hafi ætíð ekið þarna um, enda sé mikið um börn þarna í nágrenninu.

Móðir barnsins, Bjarnheiður Hannesdóttir, hefur skýrt svo frá, að hún hafi skömmu áður borið barnið út í sundið til að láta það leika sér þar í sandinum, og kveðst hún hafa verið von að hafa barnið þarna í sundinu, en ætíð haft auga með því, er ákærði kom heim á bílnum. Vitnið, sem var statt í eldhúsi sínu í Baldursgötu 2, en gluggi þess veit út að sundinu, sá ekki, þegar slysið varð, en heyrði í bíl ákærða og hljóp þá út að glugganum og sá, hvar ákærði var að aka inn sundið, en barnið sá það ekki fyrst í stað, en er það aðgætti betur, sá það barnið liggja hálfvegis á grúfu aftur undan bílnum. Kallaði þá vitnið í ákærða út um eldhúsgluggann, er hann kom út úr bílnum, og sagði honum, hvað skeð hefði. Vitnið hljóp síðan út, en þá hafði ákærði þegar tekið barnið og ekið því á leið til lækis. Vitnið segir, að rétt áður en bíllinn kom, hafi barnið setið flötum beinum í sandinum og snúið baki í götuna, en vanganum að vitninu. Barnið var klætt í græna peysu og með rauða húfu á höfði. Vegna hinna skæru lita telur vitnið, að ákærði hefði átt að geta séð barnið, hafi hann gáð vel að.

Frá götunni er nokkur halli inn í sundið, og sat barnið nær götu og nálægt miðju sundinu. Vegna þess að bæði bíllinn og hið slasaða barn var strax flutt af staðnum, er slysið varð, var ekki hægt að gera nákvæmar staðarteikningar, en Sigtryggur Árnason lögregluþjónn, sem áhugaði slysstaðinn og gerði uppdrátt af honum, telur, eftir að hafa setzt í ökumannssæti bílsins og ekið honum sömu leið og ákærði kveðst hafa ekið inn sundið, að möguleikar hafi verið fyrir ákærða að sjá barnið, þar sem það sat, ef vel hefði verið að gáð.

Að tilhlutan verjanda ákærða, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, var Rögnvaldur Þorkelsson verkfræðingur skipaður til þess að mæla og gefa álitserð um útsýni úr sæti ökumanns Ö 41, er bifreiðinni var ekið inn sundið. Lét hann ákærða setjast í sæti ökumanns, og mældist þá augnhæð hans 1.75 m yfir götu. Hæð barnsins, sitjandi flötum beinum, áætlaði verkfræðingurinn 0.40 m, sem telja má, að ekki hafi getað verið hærri. Eftir þessu hæðarmerki mældi svo verkfræðingurinn útsýni ákærða úr ökumannssæti á Ö 41, miðað við að hann sæi hlut, sem er 0.40 m yfir götu. Mældi verkfræðingurinn útsýni ákærða úr 3 mismunandi stöðum bifreiðarinnar og gerði um það 3 uppdrætti, sem allir sýna, að bifreiðarstjórninn gat ekki séð barnið, áður eða um leið og hann ók inn sundið. Að tilhlutan verkfræðingsins ók ákærði tvisvar sömu leið og er slysið vildi til, og fór hægra afturhjóli yfir slysstaðinn í bæði skiptin.

Sigtryggur Árnason lögregluþjónn, sem ók bílnum sömu leið inn í sundið, telur, að möguleikar væru til þess, að ákærði hefði getað séð barnið, ef hann hefði gáð vel að, en til þess virðist ákærði hafa þurft að vita af barninu þarna áður. Enn fremur ber að geta þess, að Sigtryggur er mun hærri maður en ákærði, sem er lágur maður vexti, og sjónarhæð hans því meiri.

Eins og hér að framan er tekið fram, virðist ákærði hafa sýnt hina mestu gætni í akstri sínum, enda ekið mjög hægt og stoppað tvisvar vegna barna á götunni. Er slysið varð, var hann rétt að taka af stað, og hraði bifreiðarinnar mjög lítill. Verður að líta svo á, að ákærði hafi sýnt alla þá gætni, sem af honum verður krafist sem ökumanni. Auk þess benda rannsókn og mælingar verkfræðingsins til þess, að ákærði gat ekki séð barnið úr sæti sínu á leið þeirri, er hann fór.

Að öllu þessu athuguðu, getur rétturinn eigi talið ákærða bera refsiverða ábyrgð á dauða drengsins Hannesar Ragnarssonar, og ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins og dæma ríkissjóð til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Einarsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 500.00.

Föstudaginn 23. maí 1952.

Nr. 137/1951. **Ákæruvaldið** (Gunnar E. Benediktsson hdl.)

gegn

Francis Pichering Daugaard (Sigurður Ólason).

Lögbrot í sambandi við rekstur veitingahúss.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur einungis verið áfrýjað, að því er varðar ákærða Francis Pichering Daugaard.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur framhaldsrannsókn verið háð í málinu.

1. Með samningi 10. október 1949 seldi Tivoli Café h/f Ólafi Sveinssyni Björnssyni á leigu frá 15. s. m. og til 15. október